



Alþingi
Erindi nr. P 128/407
komudagur 3.12.2002

2. desember 2002
Dags. yðar: 21. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum, 371. mál


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 371. mál.


Með frumvarpinu er lagt til annars vegar að gerð verði breyting á álagi því sem lagt er á til viðbótar vangoldnum staðgreiðsluskatti samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sú breyting felur í sér að reiknaðir verði dráttarvextir á vangoldinn skatt sem dagvextir, í stað áður dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð, frá og með gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Hins vegar er lagt til að kveðið verði skýrar á um skyldu ríkisaðila til að standa skil á fjármagnstekjuskatti.

Seðlabanki Íslands vekur athygli á orðalagi 4. gr. frumvarpsins. Miðað við framsetningu 1. tl. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1996, svo og upphaf 2. mgr. sömu greinar væri líklega eðlilegra að 4. gr. frumvarpsins hljóðaði á eftirfarandi hátt: 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Seðlabanki Íslands telur frumvarpið að öðru leyti vera til bóta og mælir með að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS